

Essei ehf.  
Holtási 5  
210 Garðabær

Reykjavík, 20. desember 2021  
UST202110-084/B.B.B.  
07.05.02

### Málslok

Vísað er til bréfs dags. 01.11.2021 um niðurstöður eftirlits þar sem tilgreindar voru kröfur um úrbætur á merkingum fyrir vöruna Beauty Formulas Antibacterial Cleansing Hand Gel skv. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013, reglugerð 878/2014 um sæfivörur og reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Nánari upplýsingar um umfang og niðurstöður eftirlits má nálgast í eftirlitsskýrslu sem birt er á vefsíðu Umhverfisstofnunar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Þann 02.11.2021 barst Umhverfisstofnun staðfesting frá Essei ehf., sem er ábyrgt fyrir markaðssetningu vörunnar, að fyrirtækið hafi hætt alfarið sölu vörunnar hjá heildsölonni og þann 15. desember barst stofnuninni staðfesting að allar birgðir af vörunni væru fjarlægðar af sölustöðum hennar.

Að framansögðu telst máli þessu lokið.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur um merkingar, sbr. 32. gr. efnalaga.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var haft eftirlit með handsóttthreinsum sem stofnuninni barst ábending um. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Essei ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrreða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð 13.200 kr.

Virðingarfyllt

Bergdís Björk Bæringsdóttir  
sérfræðingur

Fífa Konráðsdóttir  
sérfræðingur